



PÓSTURINN

Ársskýrsla 2022

Íslandspóstur ohf.



Ávarp forstjóra og stjórnarformanns

Tengjum fólk, fyrirtæki og samfélög

Íslandspóstur tengir fólk, fyrirtæki og samfélög með því að miðla vörum, gögnum og upplýsingum til viðskiptavina um allt land og víða veröld. Í heimsfaraldrinum kom skýrt í ljós hve mikilvæg þjónusta fyrirtækisins er fyrir landsmenn. Félagið hefur gegnt því lykilhlutverki í tímans rás að koma pósti til skila hvert á land sem er og á óvissutímum skiptir sköpum að fá til sín vörur á öruggan máta.

Í upphafi árs þurfti Íslandspóstur aftur að sækja um undanþágu til Heilbrigðis-
eftirlitsins frá fjöldatakmörkunum vegna heimsfaraldurs. Starfsemin fór þó fram
í hólfskiptum svæðum fram eftir vori. Í lok febrúar hófst stríð í Evrópu og hefur
Pósturinn fylgt pósthyrirækjum í Evrópu í aðgerðum vegna þess. Norðurlöndin ákváðu
að hætta póstsendingum til Rússlands um hríð og hafði það áhrif á póstsendingar til
og frá Rússlandi.

Það ríkti engin lognmolla í íslensku þjóðlífi árið 2022. Verðbólga herjaði á landsmenn,
að hluta til innflutt en að hluta heimatilbúin. Langt er síðan hún hefur verið jafnhá en
Seðlabankinn hækkaði stýrivexti í hverjum mánuði síðari hluta árs. Kjarasamningar
voru lausir 1. nóvember eftir 11,2% hækkun grunnlauna fyrri hluta árs. Skrifað
var undir tímabundinn samning við Póstmannafélagið í upphafi árs 2023. Þessar
hækkanir leiða til tæplega 19% hækkunar grunnlauna starfsfólks í Póstmannafélaginu
2022. Hærra verðlag og mikill ferðahugur landsmanna kann að hafa haft áhrif á fjölda
innlendra sem og erlendra pakka, en þeim fækkaði milli ára.

Nú hefur Íslandspóstur einvörðungu starfað á samkeppnismörkuðum í þrjú ár en
einkaréttur 0-50 g bréfasendinga var afdnuminn með lögum sem tóku gildi 1. janúar
2020. Þó var ákvæði um sama verð á bréfasendingum í þessum þyngdarflokki á
landsvísu áfram óbreytt.

Í lok árs 2020 var Íslandspóstur útnefndur alþjónustuveitandi til allt að tíu ára, með
ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 13/2020. Ákvörðunin leggur þá skyldu
á félagið að uppfylla alþjónustuloforð nýju laganna á öllu landinu, í öllum flokkum
alþjónustu. Það gildir um bréf, magnpóst, pakka allt frá 10 kg innanlands og 20 kg
erlendis frá, ábyrgðarsendingar, tryggðar sendingar og blindrasendingar allt að 2 kg.
Ekki skal farið í grafgötur um að Pósturinn hefði fremur kosið að nýta heimild nýju
póstlaganna til að ganga til samninga við framkvæmdarvaldið um hvernig best mætti
uppfylla kröfur til alþjónustuveitanda.

Starfsfólk Íslandspósts er grunnurinn sem við byggjum allt okkar starf á. Miklu skiptir að draga fram það besta í hverjum og einum. Við leggjum áherslu á að valdefla starfsfólk og veita því umboð til athafna. Það er einlæg trú stjórnenda að það efli starfsánægju sem endurspeglast í ánægju viðskiptavina. Stjórnendur og sérfræðingar Póstsins hlutu á árinu leiðtogaþjálfun sem byggist á því að hver og einn taki ábyrgð á sjálfum sér og nýti styrkleika og fjölbreytta samsetningu hópsins til að ná sem bestri niðurstöðu í hverju verkefni.

Jafnréttismál skipta Íslandspóst miklu máli og í ár skuldbundum við okkur til áframhaldandi vegferðar í jafnréttisbaráttunni. Hlutfall kynja er nokkuð jafnt meðal stjórnenda sem og almennra starfsmanna. Strax í ráðningarferlinu er litið til þess hvort hallar á kyn og reynt að jafna stöðuna. Pósturinn hlaut viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar í ár eins og í fyrra fyrir góðan árangur í jafnréttismálum.

Við látum heilsu og vellíðan starfsfólks okkur miklu varða. Í ár tókum við öryggismálin föstum tókum og settum okkur það markmið að allir starfmenn kæmu heilir heim í lok dags. Í upphafi árs stóð starfsfólki í fyrsta skipti til boða að gera samgöngusamning og skuldbinda sig til að nota vistvænan ferðamáta til og frá vinnu. Um 16% starfsfólks hafa undirritað slíkan samning og vonir standa til að jafnt og þétt fjölgi í þeim hópi.

Í lok árs gengum við til samninga við fyrirtækið Greenfit um að annast heilsufarsmælingar og hvetja og fræða starfsfólk um heilbrigðan lífsstíl. Þannig viljum við efla andlega og líkamlega heilsu starfsfólksins, í samræmi við heimsmarkmið númer 5 um heilsu og vellíðan, sem er eitt kjörmarkmiða Póstsins. Á árinu var Pósthlaupið haldið í fyrsta sinn þar sem hlaupin var gömul landpóstaleið úr Hrútafirði á Norðurlandi alla leið í Búðardal á Vesturlandi.

Sýn Póstsins er að sjálfbærni sé samofin menningunni og lykilþáttur í viðamiklum viðfangsefnum eins og endurnýjun bílaflotans og innleiðingu póstboxa. Við höfum sjálfbærni í huga við smáar og stórar ákvarðanir, hvort sem þær tengjast innkaupum, minni soun í víðum skilningi, flokkun og endurvinnslu úrgangs, vali á umbúðum og hvers kyns tækniþróun. Við leggjum einnig áherslu á að auka meðvitund starfsfólks um umhverfismál og huga að heilsu þess og vellíðan sem og að góðum stjórnarháttum. Á árinu lukum við síðasta Græna skrefi Umhverfisstofnunar en skrefin fimm eru umgjörð sem ætluð er stofnunum og fyrirtækjum í eigu ríkisins til að vinna markvisst að umhverfismálum.

Á árinu fjölguðum við póstboxum úr 47 í 62. Póstboxin hafa reynst landsmönnum vel og nýtast bæði til afhendingar og móttöku skráðra sendinga. Þá var útbúið kerfi til að hægt sé að afhenda sendingar með rafrænni auðkenningu, bæði í póstboxum og við heimssendingu. Þetta mælist vel fyrir við afhendingu viðkvæmra sendinga og sendinga sem aldurstakmörk gilda um. Mönnuðum afhendingar- og móttökustöðum fækkaði á árinu og þess í stað er pósthjónustan veitt með póstbílum, póstboxum og pakkaportum í meira mæli en áður. Afhendingartíðni bréfa var breytt í byrjun maí og eru bréf nú borin út tvisvar í viku. Bréfum hefur fækkað um tæp 80% frá 2010 og sú þróun heldur áfram.

Ráðist var í viðamikið bílaútboð á árinu. Þátttakan var dræm enda framboð á umhverfisvænum bifreiðum takmarkað. Pósturinn fjárfesti þó í tíu nýjum rafmagns- og metan-sendingabílum, endurnýjaði tvo 26 tonna vöruflutningabíla og keypti 20 tonna rafmagnsflutningabíl frá Volvo. Loksins bjóðast rafmagnsbílar af þessari stærð en Pósturinn gerir ríkar kröfur um drægni og ýmsa aðra eiginleika flutningabíla enda leiðirnar langar og aðstæður oft erfiðar á þjóðvegum.

Á næstu árum er stefnt að því endurnýja bílaflota Póstsins og taka þátt í orkuskiptum á Íslandi af fullum þunga. Ætlunin er að allur bílaflotinn gangi fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum árið 2030 eða fyrr, ef þess er kostur. Smám saman verða allar sendingar með Póstinum fluttar á umhverfisvænan máta og allt landið gert að grænu dreifingarsvæði. Nú þegar er bréfaútburður að miklu leyti umhverfisvænn þar sem rafmagnspósthjól eru nýtt við dreifinguna í þéttbýli. Þau keyra um 350 þúsund kílómetra á ári.

Gæðakerfi Íslandspósts er vottað og virkt, innri og ytri úttektir framkvæmdar, frávik rötargreind, stöðugt unnið að umbótum og hugað að lausnum til að besta ferli. Hvers kyns gæði eru mæld, t.d. afhendingarhraði bréfa og pakka og ánægja viðskiptavina. Innleiðing á nýrri gæðahandbók er vel á veg komin en Pósturinn hefur lengi starfað samkvæmt gæðastaðli. Verið er að innleiða ný kerfi sem styðja við sölu, þjónustu og markaðsaðgerðir með því að halda utan um öll samskipti og snertifleti við viðskiptavini. Áhættumat fer reglulega fram og ráðist er í mildunaraðgerðir til að bregðast við því sem betur má fara.

Nú sem endranær hefur starfsfólk Íslandspósts sett sér markmið um að hafa viðskiptavininn í forgrunni við allar ákvarðanir, í því skyni að skila félaginu jákvæðri afkomu. Til að það náist þurfa allir að taka höndum saman og takast á við daginn með lausnamiðaða hugsun og jákvæðni að leiðarljósi. Ýmsar ytri aðstæður hafa sett strik í reikninginn á undanförunum árum, heimsfaraldur, stríð í Úkraínu, hærra verðlag, fækkun bréfa enn eitt árið um 20% og útþrá landans, svo eitthvað sé nefnt.

Á árinu var markvisst unnið að því að þróa rekstur Íslandspósts í samræmi við óskir viðskiptavina. Ástæða er til að þakka starfsfólki framlag sitt og fagmennsku í starfi. Um leið og við göngum glaðbeitt til fjölbreyttra verkefna á nýju ári væntum við þess að það verði starfsfólki, viðskiptavinum, eigendum og öðrum hagsmunaaðilum til hagsbóta.

Pórhildur Ólöf Helgadóttir forstjóri
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir stjórnarformaður

Stjórn Íslandspósta



Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir,
formaður stjórnar



Auður Björk Guðmundsdóttir,
varaformaður stjórnar



Baldvin Örn Ólason
meðstjórnandi



Gísli Sigurjón Brynjólfsson
meðstjórnandi



Guðný Hrund Karlsdóttir
meðstjórnandi

Lykilstjórnendur Íslandspósta



Þórhildur Ólöf Helgadóttir
forstjóri



Gunnar Þór Tómasson,
framkvæmdastjóri fjármála



Dagmar Viðarsdóttir,
forstöðumaður mannauðs



Guðjón Ingi Ágústsson,
forstöðumaður stafrænna
lausna og upplýsingatækni




Héðinn Gunnarsson,
forstöðumaður umbóta og
vörustýringar



Hörður Jónsson,
framkvæmdastjóri rekstrar




Ósk Heiða Sveinsdóttir,
forstöðumaður þjónustu
og markaðar




Efnisyfirlit

	Bls.
Pósturinn í hnotskurn	10
Dreifikerfi	11
Lykiltölur	12-13
Lykilþættir sjálfbærniuppgjörs	14-17
Áfangar á árinu	18-21
Sjálfbærnisráðgjafi	23
Sjálfbærnimarkmið 2022	24-25
Sjálfbærnimarkmið 2023	26-27
Vegvísir um orkuskipti	28-29
Sjálfbært samfélag og sjálfvirkni	30-32
Ábyrg neysla og minni sóun	33-36
Græn skref og vellíðan starfsfólks	37-39
Jafnréttismál og leiðtogaþjálfun	40-42
Pósthlaupið	43-45
Stjórnarháttayfirlýsing	46-47



Dreifikerfi




- Pósthús
- Póstbox/pakkaport
- Póstbíll
- Aðalleiðir
- Póstbílar
- Flug
- Skip


Lykiltölur

	2022	2021
Laun og launatengd gjöld	(4.568.476)	(4.522.703)
Annar rekstrarkostnaður	(1.978.578)	(1.926.157)
Kostnaður vegna endurskipulagningar	(128.092)	(34.471)
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)	493.159	969.589
Leiðrétt EBITDA*	621.251	1.004.060
Hrein fjármagnsgjöld	23.584	(107.910)
Afskriftir	(482.746)	(524.803)
Hagnaður / (tap) fyrir tekjuskatt	33.997	336.876
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga	(27)	(16.315)
Tekjuskattur	2.726	(64.721)
Hagnaður / (tap) af áframhaldandi starfsemi	36.696	255.840
Aflögð starfsemi		
Hagnaður / (tap) ársins	36.696	255.840

EBITDAR 2011-2022 Milljónir króna



Afkoma 2011-2022 Milljónir króna




Kennitölur

	2022	2021
Tekjubreyting milli ára	-3,8%	-0,1%
Launahlutfall	63,7%	60,7%
EBITDA hlutfall	6,9%	13,0%
EBIT hlutfall	0,2%	4,3%
Leiðrétt EBITDA #	8,7%	13,5%
Leiðrétt EBIT #	1,9%	4,8%
Hagnaðarhlutfall	0,5%	3,4%
Veltufjárhlutfall	1,16	1,61
Eiginfjárhlutfall	57%	55%
Innra virði hlutfjár	1,2	1,2
Arðsemi eigin fjár	1,0%	7,2%

* Kennitölur reiknaðar út frá samþykktum ársreikningi
Leiðrétting fyrir kostnaði vegna endurskipulagningar



Magnþróun - pakkar





Magnþróun - bréf



Lykilþættir sjálfbærniuppgjörs


Umhverfisþættir

U1 Heildarlosun Íslandspósts 2022 nam 2.960,4 tCO₂í. Þar af vó umfang 1 (eldsneytisnotkun farartækja) þyngst, alls 1.607,09 tCO₂í, umfang 2 alls 69,4 tCO₂í og umfang 3 alls 1.283,9 tCO₂í. Uppgjörið 2022 tekur til mun fleiri þátta í umfangi 3 (aðkeyptrar vöru og þjónustu) en fyrri ár.




Í fyrsta skipti 2022 var talin fram losun vegna aðkeyptrar matvæla og bifreiða, sem og losun vegna aksturs landpósta (verktaka). Losun vegna úrgangs frá rekstri hefur dregist umtalsvert saman síðustu ár en losun vegna flugferða margfaldaðist miðað við síðustu tvö ár þegar heimsfaraldur kom í veg fyrir ferðalög. Losun frá samgöngum starfsfólks dróst saman um 20% milli 2021 og 2022, byggt á ferðavenjukönnunum.


U2 Þar sem uppgjörið 2022 tekur til fleiri þátta í umfangi 3 en fyrri ár og starfsfólki hefur fækkað á árinu eykst losun á hvern starfsmann.




U3 Heildarorkunotkun 2022 nam 13.941.984 kWst og skiptist nokkuð jafnt milli beinnar notkunar (jarðefnaeldsneytis) og óbeinnar (rafmagns og hita).



U4 Orkukræfni starfsmanna (kWst/stöðugildi) 2022 dróst saman frá fyrra ári. Heildarorkunotkun var töluvert minni, sérstaklega vegna samdráttar í hitaveitu, en samhlíða fækkaði starfsfólki.



U5 Samsetning orku: Jarðefnaeldsneyti er ríflega helmingur orkunnar en endurnýjanlegir orkugjafar tæplega helmingur.



U6 Heildarvatnsnotkun 2022 var 94.416,6 m³.

U7 Pósturinn hefur sett sér umhverfis- og loftslagsstefnu, þ.m.t. stefnu um úrgang, vatn, orku og endurvinnslu, en notar ekki viðurkennt orkustjórnunarkerfi.


U8, U9 Stjórn hefur eftirlit með loftslagstengdri áhættu og lykilstjórnendur hafa yfirumsjón með henni.

U10 Heildarfjárfesting í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun 150.633.117 kr. (fjárfesting í rafmagns- og metanbílum og rafhleðslustöðvum).

Lykilþættir sjálfbærniuppgjörs

Félagslegir þættir

- F1** Launahlutfall forstjóra er 4,80 og lækkaði úr 5,20 frá 2021.
- F2** Miðgildi heildarlauna karla sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna er 1,07 og niðurstaða jafnlaunavottunar var 0,12% óútskýrður launamunur kynja, konum í hag.
- F3** Starfsmannavelta 2022 var 20,2% og lækkaði úr 23,2% frá 2021.
- F4** Hlutfall kvenna meðal starfsfólks var 46% en konur eru 57% yfirmanna og stjórnenda.




- F5** Hlutfall tímabundið ráðinna var 0,8% 2022 og hefur lækkað undanfarin ár, var 3% 2020.
- F6** Pósturinn framfylgir jafnréttisáætlun og stefnu sem varðar kynferðislegt áreiti.
- F7** Tíðni vinnuslysa var 4,1% 2022, samanborið við 4,9% 2021 og 3,1% 2020.
- F8** Pósturinn framfylgir heildrænni heilsu- og öryggisstefnu. Heildarfjarvera frá vinnu sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna var 5,87% 2022, hækkaði um 1,5% frá fyrra ári.
- F9** Pósturinn framfylgir stefnu gegn barna- og nauðungarvinnu en hún nær ekki til birgja.
- F10** Pósturinn hefur ekki sett sérstaka mannréttindastefnu.

Lykilþættir sjálfbærniuppgjörs

Stjórnarhættir

- S1** Hlutfall kvenna í stjórn Íslandsþósts er 60%.
- S2** Forstjóra er bannað að sinna stjórnarformennsku og hlutfall óháðra stjórnarmanna er 100%.
- S3** Framkvæmdastjórar fá ekki kaupauka fyrir árangur á sviði sjálfbærni.
- S4** 100% starfsmanna falla undir almenna kjarasamninga.
- S5** Pósturinn framfylgir siðareglum birgja en birgjar hafa ekki staðfest þær formlega.
- S6** Pósturinn framfylgir siðareglum gegn spillingu og mútum en starfsmenn rita ekki undir þær.
- S7** Pósturinn fylgir persónuverndarstefnu og GDPR-reglum.
- S8** Pósturinn birtir sjálfbærnisráðgjöf þar sem fjallað er um umhverfispætti, félagslega þætti og stjórnarhætti og skýrslugjöf til stjórnvalda inniheldur gögn um sjálfbærni.
- S9** Pósturinn veitir upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila og leggur áherslu á tiltekin fimm heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna en gefur ekki út skýrslu um framvindu þeirra.
- S10** Gögn og upplýsingagjöf um sjálfbærni er ekki sannreynd af þriðja aðila.



Áfangar á árinu



2022

Janúar

- Samgöngusamningar
- Umhverfissvænni umbúðir

Mars

- Fyrsta sjálfbærnisráðgjör og sjálfbærniuppgjör
- Þjónustumælingar

Mai

- Plokkað við pósthús

Júlí

- Einföldun vöruframboðs – Góður, Betri, Bestur
- Græna ljósið

September

- Leiðtogaþjálfun
- Evrópska samgönguvikan

Nóvember

- Beint í gegn
- Njáll eins árs
- Rafræn tollgögn

Febrúar

- Kynning á jafnréttismálum
- Ástarbréf á Valentínusardaginn

Apríl

- Hjólað í vinnuna

Júní

- Ný ásýnd og vörumerkjahandbók

Ágúst

- Pósthlaupið
- Ný öryggisstefna
- Matarsóunargreining

Október

- Jafnvægisvögin
- Áhættumat í Póstmiðstöð
- Markaðsviðburður í Hörpu
- Fyrirtækjagátt í loftið

Desember

- Ný viðskiptamannakerfi
- Ellefu nýir umhverfissvænni bílar
- Fimm Grænum skrefum lokið

2023

Árið 2022






Sjálfbærnisráýrsla

Nú birtir Íslandspóstur í annað sinn sjálfbærnisráýrslu og sjálfbærniuppgjör (UFS) sem hluta af ársskýrslu sinni. Á árinu unnum við að fjölbreyttum verkefnum sem snúa að sjálfbærni og settum okkur tólf sjálfbærnimarkmið, sem rakin eru hér á eftir. Árangurinn var ágætur en við gerum okkur grein fyrir að hér er um að ræða fyrstu áfangana á langri leið. Í kjölfarið er greint frá helstu sjálfbærnimarkmiðum Póstsins 2023. Því næst kemur frásögn af helstu sjálfbærniverkefnum síðasta árs. Þau tengjast beint og óbeint fimm heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem Pósturinn hefur valið að vinna sérstaklega að. Verkefni snúa bæði að umhverfisþáttum og félagslegum þáttum. Á eftir skýrslunni koma stjórnarháttayfirlýsing stjórnar Póstsins og ársreikningur 2022.

Framundan er mikil vinna við að dýpka skilning okkar á sjálfbærni, velja rétta umgjörð og verkefni og haga starfseminni þannig að dragi úr neikvæðum áhrifum Póstsins á umhverfi og samfélag. Eftir því sem þekkingin eykst og verkefnum fleytir fram mótast skýrari mynd af sjálfbærniverkefnum. Sýnin er að sjálfbærni verði samofin menningu Póstsins og höfð í huga við stórar sem smáar ákvarðanir. Við viljum snúa dæminu við þannig að í stóra samhenginu verði áhrifin af starfseminni jákvæð – að Pósturinn gefi af sér fremur en að ganga á auðlindir.

Sjálfbærni- markmið 2022

Pósturinn setti sér 12 sjálfbærnimarkmið fyrir 2022 sem við náðum að hluta til eða öllu leyti. Við fögnum árangrinum en þó eru þetta aðeins fyrstu áfangarnir á langri leið.



Útbúa vegvísi um orkuskipti bílaflotans

Sömdum vegvísi um orkuskipti bílaflotans og hvernig við sjáum fyrir okkur að þéttbýlisstaðir og dreifingarsvæði verði græn. Stefnum að orkuskiptum 2030 eða fyrr.



Ljúka Grænum skrefum

Lukum innleiðingu á fimm Grænum skrefum Umhverfisstofnunar á tveimur árum, með um 170 aðgerðum af fjölbreyttu tagi. Við tekur að viðhalda skrefunum fyrir úttekt eftir tvö ár.



Auðvelda fyrirtækjum að reikna út kolefnisspor flutninga

Vinum að smíði vefþjónustu fyrir gagnaflutninga í kerfi Klappa svo fyrirtæki geti reiknað út kolefnisspor af flutningum með Póstinum. Lausnin verður tilbúin fyrir sjálfbærniuppgjör 2023, síðar en til stóð.



Styðja starfsfólk til vistvænni ferðamáta

Tókum upp samgöngusamninga (sem 16% starfsfólks nýta sér), náðum 4. sæti af 25 í Hjólað í vinnuna í okkar flokki, héldum upp á Evrópska samgönguviku og gerðum ferðavenjukönnun meðal starfsfólks.



Draga úr úrgangi, auka endurvinnslu

Magn úrgangs dróst saman um 15 tonn frá fyrra ári og hefur alls minnkað um 140 tonn frá 2018 eða 65%. Endurvinnsluhlutfallið hækkaði um 9% milli ára og var 68% 2022.



Minnta notkun plasts og pappírs

Höfum valið umhverfisvænna og þynnra plast til að plasta bretti og notum nú 47% minna plast við plöstun vörubretta. Drógum úr prentun um hátt í 500.000 bls. frá 2020.



Selja umhverfisvænni umbúðir

Höfum sölu á plastpokum úr 100% endurunnu og endurvinnanlegu plasti og umslögum með rífluðum pappír í stað bóluplasts sem erfitt er að endurvinna.



Standast jafnlaunavottun og gæta að jöfnu kynjahlutfalli

Stóðumst jafnlaunavottun þar sem óútskýrður launamunur reyndist 0,12% konum í hag og hlutum viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar. Hlutfall kynja í stjórn og meðal æðstu stjórnenda er jafnt og konum í hag meðal millistjórnenda.



Bjóða heilnæmari mat í mötuneyti

Réðumst í breytingar til að auka framboð á, hlutfall og neyslu grænmetis, plöntu-próteina og lífrænna matvæla í mötuneytinu, greindum matarsóun í fyrsta sinn og gerðum ráðstafanir til að draga úr henni, m.a bjóðum við starfsfólki að grípa með sér afganga á föstudögum.



Setja umgjörð um ábyrg innkaup

Sömdum innkaupaferil og komum á árlegri innkaupagreiningu, birgjamati og reglubundinni fræðslu um vistvæn innkaup fyrir starfsfólk. Umgjörðin er tilbúin og innleiðing tekur við.



Birta ítarlega sjálfbærniuppgjör

Sjálfbærniuppgjör Póstsins 2022 tekur til fleiri flokka í umfangi 3 en áður og nær nú yfir losun vegna kaupa á matvælum og bifreiðum, gistinátta, samgangna starfsfólks og flutninga og dreifingar á síðari stigum, að hluta.




Fjölga póstboxum

Settum upp 15 ný póstbox, töluvert færri en til stóð (60 var upphaflega markmiðið) en við erum hvergi nærri hætt og haustið 2023 verða póstboxin orðin á annað hundrað.


Sjálfbærni- markmið 2023

Pósturinn hefur sett sér eftirtalin sjálfbærnimarkmið fyrir árið 2023. Að auki vinnum við að fjölbreyttum öðrum verkefnum tengdum sjálfbærni.



110 póstbox

Setja upp póstbox á höfuðborgar-
svæðinu og landsbyggðinni þannig
að heildarfjöldi þeirra verði 110.
Safna gögnum um hve hátt hlutfall
viðskiptavina nýtir vistvænan farar-
máta til að sækja sendingar í boxin.



Grænar leiðir

500 km

Fjölga grænum svæðum og leiðum og
nýta þar eingöngu rafhjól, rafmagnsbíla
og/eða metanbíla. Árið 2023 verði
heildarvegalengd grænna leiða
500 km. Uppsafnaðir kílómetrar á
umhverfisvænum farartækjum verða þá
alls um 145.000 km. Nú telst engin leið
græn í þessum skilningi því vistvænir
bílar aka sömu leiðir og aðrir bílar.

200 tCO₂ í minni losun farartækja

Draga úr beinni losun gróðurhúsa-
lofttegunda af eldsneytisnotkun farar-
tækja (umfang 1) um a.m.k. 200 tCO₂í.

20% með samgöngusamninga

Hækka hlutfall starfsfólks með samgöngu-
samninga úr 16% í 20% með því að hvetja
og styðja starfsfólk til að stunda vistvæni
fararmáta, t.d. með betri aðstöðu á
starfsstöðvum.

9 tonna minni úrgangur

Draga úr úrgangi milli ára úr 84 tonnum í
75 tonn og hækka endurvinnsluhlutfall úr
68% í 75%.

5% veikindahlutfall

Lækka veikindahlutfall milli ára úr tæpum
6% í 5% með fjölbreyttri heilsuefingu
meðal starfsfólks.

Fundir með 25 birgjum

Festa í sessi nýtt verklag um ábyrg innkaup
sem byggist á innkaupaferli, birgjamati,
árlegri innkaupagreiningu, samtali við birgja
og leiðbeiningum um vistvæn innkaup.
Fjalla um sjálfbærni á fundum með 25
stærstu birgjunum.



Vegvísir um orkuskipti



Bifreiðar á vegum Póstsins óku samtals um 5,2 milljónir km 2022 og losuðu sem samsvarar rúmum 1.600 tonnum kolefnisígilda. Endurnýjun bílaflotans með orkuskipti að leiðarljósi er ein öflugasta leiðin til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfseminni. Markmið Póstsins er að vera í fremstu röð flutningafyrirtækja í umhverfis- og loftslagsmálum.

Grænir áfangar

Vegvísir um orkuskipti þjónar einnig sem eins konar grænn leiðarvísir. Á næstu árum er ætlunin að fjölga leiðum og þéttbýlisstöðum þar sem sendingar berast alla leið á áfangastað með umhverfisvænum farartækjum. Nú í mars 2023 teljast þegar tveir leggir grænir í þessum skilningi, milli Akureyrar og Siglufjarðar annars vegar og Keflavíkur og Grindavíkur hins vegar. Þar sjá rafmagns- og metanbílar um að flytja allar sendingar Póstsins. Smám saman munu rafmagnsbílar sjá alfarið um póstflutninga á Reykjanesi. Þar undir fellur leiðin milli Keflavíkur og Reykjavíkur. Síðasti spölur bréfadreifingar er grænn í þéttbýli um allt land þar sem dreifing fer fram á rafhjólum eða á fæti. Árið 2025 gæti síðasti spölur allra sendinga verið orðinn grænn í þéttbýli um allt land.

Orkuskipti 2030

Eitt stærsta verkefni Póstsins í loftslagsmálum eru orkuskipti bílaflotans. Á árinu settum við saman vegvísi um orkuskipti og endurnýjun flotans, þ.e. hvernig og hvenær farartæki Póstsins af öllum og stærðum og gerðum munu ganga fyrir endurnýjanlegum, innlendum orkugjöfum. Séu rafhjól Póstsins talin með gekk nær helmingur flotans fyrir rafmagn eða metani 2022, hlutfallið hækkaði um 7%, fór úr 42% í 49%. Hins vegar fara stóru flutningabílar okkar mun lengri veg en sendibílar og hjól. Á næsta ári munum við því einbeita okkur að því að endurnýja vöruflutningabíla og þannig freista þess að draga úr heildarlosun flotans. Vegvísirinn er enn í mótun enda margar breytur sem hafa áhrif, bæði fjármagn til reiðu, framboð og tækni. Lokatakmarkið er þó skýrt. Orkuskiptum verður lokið fyrir árið 2030.


Bíla kaup ársins

Bílafloti Póstsins telur á annað hundrað bifreiða, auk um 60 rafhjóla. Hátt hlutfall flotans gengur fyrir jarðefnaeldsneyti en markmið Póstsins er að hraða endurnýjun hans og orkuskiptum eins og kostur er. Það er áhrifaríkasta aðgerðin til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfseminni. Til stóð að festa kaup á um 20 rafmagnssendibílum árið 2022. Í sumari var því ráðist í útboð á bifreiðum fyrir Póstinn. Heimturnar voru rýrar og réði þar að mestu lítið framboð á rafmagnsbílum á landinu. Fest voru kaup á öllum rafmagnsbílum sem stóðust útboðið og fleiri til, alls tíu sendibílum. Að auki voru endurnýjaðir tveir 26 tonna vöruflutningabílar. Þar voru valdir umhverfisvænustu kostirnir í flokki langdrægra flutningabíla sem menga mun minna en fyrirrennararnir. Loks bættist í safnið 20 tonna rafmagnsflutningabíll frá Volvo. Samhliða endurnýjun bílaflotans vinnum við að uppbyggingu innviða, rafhleðslustöðvum og nýjum heimtaugum, eftir þörfum.

Í blindbyl á Reykjanesbraut

Ingólfur Karl Þrastarson bílstjóri hefur lengi starfað hjá Póstinum og unnið ýmis störf, við dreifingu, í bögglaeild og sem þjónustustjóri í fyrirtækjaþjónustunni. „Ég er nýbyrjaður á rúnti hér innanbæjar sem felur aðallega í sér þjónustu við lyfjafyrirtæki. Í nokkur ár sá ég um að keyra á pósthúsið í Keflavík og sækja erlendar sendingar á flugvöllinn. Þótt daglegi rúnturinn sé skemmtilegur og tíminn fljúgi áfram finnst mér skemmtilegast að fara í óvæntar ferðir á staði sem ég hef ekki áður séð.

Rétt áður en óveðrið skall á núna fyrir jól og Reykjanesbrautin lokaðist var ég í ferð á pósthúsið í Keflavík. Þar festi ég mig á planinu á stórri Scaniu en sem betur fer kom kappi á ægilegum truck og hjálpaði mér að losa bílinn. Hann sagði mér að reyna ekki að fara upp á völl heldur koma mér heim. Ferðin til Reykjavíkur var allsvakaleg, svo mikill blindbylur og kalt að rúðupurrkurnar urðu klakabrynjaðar og ég sá varla út úr augum. Þegar Reykjanesbrautin var opnuð aftur voru bílar í vegkantinum alveg þaktir snjó eftir snjóruðningstækið. Þeir voru marga daga að losa bílana úr sköflunum,” segir Ingólfur og bætir við að lokum: „Reyndar eru næturbílstjórnarnir hjá Póstinum sem keyra til Húsavíkur, Egilsstaða og á Stykkishólmi alvanir svona aðstæðum.”



Sjálfbært samfélag og sjálfvirkni



Pósturinn er í lykilstöðu þegar kemur að sjálfbærni í þéttbýli og samfélaginu öllu, t.d. með þéttneti pósthóla, en í framtíðinni er von til þess að meiri hluti landsmanna verði í göngufæri við pósthól. Markmið Póstsins er að mæta viðskiptavinum þar sem þeir eru staddir, uppfylla kröfur þeirra og bjóða upp á umhverfisvænar vörur og þjónustu.

Pósthól – aldrei langt undan

Sýn Póstsins er að í öllum hverfum og sveitarfélögum séu pósthól svo að viðskiptavinir þurfi ekki að leita langt til sækja og senda pakka, hvenær sem er sólarhringsins, víðast hvar. Á árinu voru sett upp 15 ný pósthól, þar af fimm á höfuðborgarsvæðinu og tíu á landsbyggðinni. Boxum af eldri gerð var skipt út og nú er því hægt að pósthóla sendingar í öllum pósthólum. Samtals eru því 66 pósthól og pakkaport um land allt og af þeim eru 38 á landsbyggðinni og 28 á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2023 er ætlunin að bæta við 40 boxum víðs vegar um landið. Alls verða þau þá yfir 100 talsins. Þétt net pósthóla auðveldar viðskiptavinum að nota vistvænan ferðamáta til að nálgast þjónustu Póstsins, t.d. gangandi eða hjólandi. Hægt er að velja pósthól nálægt heimili, vinnustað eða við aðra fjölsóttu staði eins og verslanir og íþróttamannvirki. Þannig má nýta sömu ferðina til að sinna ýmsum erindum. Viðskiptavinir Póstsins hafa tekið pósthólum fagnandi. Mest nýttu pósthólun eru í Keflavík, Spönginni, Mjódd, Smáralind og við Kaplakrika.

Kolefnissporið af pósthóla sendingum

Á árinu hóf Pósturinn smíði á vefþjónustu í samstarfi við Klappir, sem sérhæfa sig í hvers kyns umhverfismælingum í rekstri fyrirtækja, þar á meðal útreikningum á kolefnisfótspori. Viðskiptavinir Póstsins sem nýta kerfi Klappa munu í framtíðinni geta óskað eftir því að gögn um pósthóla sendingar séu hluti af sjálfbærniuppgjöri þeirra. Regluleg sjálfvirk vinnsla í tölvukerfi Póstsins finnur til gögn sem tilheyra viðkomandi viðskiptavini og skilar samantekt á tölvutæku formi til vefþjóns hjá Klöppum. Til útreikninganna er nýttur losunarstuðull frá breska ríkinu en í framtíðinni stefnum við að því að leysa hann af hólmi með okkar eigin stuðli.

Pósthól vinsæl á Suðurnesjum

Þrjú pósthól hafa verið sett upp í Reykjanesbæ og nýlega var boxum bætt við í Vogunum og Sandgerði. „Pósthólun eru vel nýtt. Það sáum við í jólavertíðinni þegar minna magn var í útkeyrslu og meira fór í pósthólun. Starfsfólkið lagði mikið á sig til að greiða leiðina í boxun þegar snjó kyngdi niður,“ segir Elín Björg Guðmundsdóttir, stöðvarstjóri í Keflavík.

Bæjarbúum finnst þetta þægilegt og þeir hafa hrósað pósthólunum í hástert að sögn Elínar. „Hér er mikið um vaktavinnufólk sem finnst gott að geta sótt pakkann sinn utan opnunartíma en yfirleitt er fólk að sækja í boxun þegar það er á ferðinni úr eða í vinnu eða á leiðinni í búðina. Fólk er líka að koma gangandi eða á hjólum, sumir nota tækifærið þegar þeir eru úti að viðra hundinn sinn.“



Litlir sigrar fyrir fjöldann

Á árinu var ráðist í að bæta vef Póstsins til að bregðast við niðurstöðum þjónustukannana og endurgjöf frá viðskiptavinum og starfsfólki í framlínu. Markmiðið er að uppfæra vefinn í takt við nýja ásýnd og tón vörumerkisins, einfalda viðskipti við Póstin, samræma upplýsingar á öllum miðlum og auka þannig traust viðskiptavina. Viðskiptavinir eiga að finna viðeigandi upplýsingar hratt og örugglega. Með því að einfalda veftréð og valmyndina og skerpa leitina mætum við betur þörfum bæði einstaklinga og fyrirtækja. Þannig færur við efnið á vefnum nær notendum sem þurfa ekki að kafa djúpt eftir upplýsingum og tína þær til á mörgum síðum. Aðgerðir eins og að skrá og finna sendingar verða einfaldari og skilvirkari.

Sandra Ósk Sigurðardóttir, vefstjóri Póstsins: „Við förum inn í 2023 með góða aðgerðaáætlun til að besta vefinn og stefnum á að ná mikilvægum og markvissum „litlum sigrum“. Allar breytingar eru hugsaðar út frá væntingum viðskiptavina og við vonum að gestir á posturinn.is upplifi fljótlega breytingar til hins betra.“

Sjálfvirk tollafgreiðsla

Rafræn tollgögn eru í auknum mæli skyldubundin krafa við sendingar milli landa enda nauðsynleg fyrir tollafgreiðslu. Í þeim eru upplýsingar um sendanda, móttakanda og innihald sendinga. Á undanförunum árum hafa gæði þessara gagna batnað mjög og í nóvember fór Pósturinn markvisst að nýta rafræn tollgögn við afgreiðslu erlendra sendinga. Áður reiddum við okkur á upplýsingar sem fylgdu sendingunum og ef þeim var ábótavant báðum við móttakendur um að senda okkur tilskilin gögn, með tilheyrandi töfum. Nú er tollafgreiðslan sjálfvirkari en áður, hugbúnaður sækir nauðsynleg gögn og tollafgreiðslufólk sannreynir og leiðréttir eftir þörfum og tollflokkum. Sjálfvirkni og breytt vinnulag kemur í veg fyrir tvíverknað, dregur úr sóun, flýttir afgreiðslu og bætir þjónustu við viðskiptavinum svo um munar.



Jólanáttfötin hætt að hlaðast upp

Erla Sigfúsdóttir, deildarstjóri innflutningsdeildar: „Undanfarin ár hafa Íslendingar keypt jólanáttföt í stíl á heilu fjölskyldurnar. Þessar sendingar hafa tekið mikið pláss í hillunum hjá okkur í desember meðan verið er að tollafgreiða. Það gjörbreyttist í ár því þótt utan á sendingunum séu litlar upplýsingar fylgja þeim ítarleg rafræn tollgögn sem við nýtum núna til að flýta fyrir okkur. Jólanáttfötin staldra því ekki lengur við í Póstmiðstöðinni heldur berast viðskiptavinum með hraði.“

Ábyrg neysla og minni sóun

12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA



Við erum hluti af neyklusamféluginu, hvort sem okkur líkar betur eða verr, en Pósturinn vill leggja sitt af mörkum til ábyrgrar neyslu og framleiðslu. Það gerum við með því að auka hagkvæmni í starfseminni, draga úr neyslu, velja umhverfisvottaðar vörur og beina viðskiptum til fyrirtækja sem taka umhverfismál alvarlega.

Minna plast

Bögglaeildin innleiddi á árinu brettafilmu sem er að þriðjungi framleidd úr endurunnu plasti. Auk þess breyttum við ferlum þannig að nú er 47% minna plast notað við plöstun vörubretta. Við skiptum einnig út plastpokum sem eru til sölu á pósthúsum fyrir poka sem eru framleiddir úr endurunnu plasti. Endurrunnið plast hefur allt að 79% lægra kolefnisfótspor en plast sem framleitt er úr frumefnum. Við hættum einnig að selja umslög fóðruð með bóluplasti sem nær ógjörningur er að endurvinna þar sem bóluplastið er límt innan í pappírsumslagið. Hvert kílógramm af slíku plasti í för með sér 2,6 kg af koltvísýringi. Í stað þeirra seljum við nú pappírsumslög sem fóðruð eru með ríffluðum pappír og flokkast því með öðrum pappír.

Ábyrg vistvæn innkaup

Eitt af beittustu verkfærunum til að draga úr umhverfisáhrifum af starfsemi fyrirtækja eru vistvæn innkaup. Þau geta jafnframt stuðlað beint og óbeint að betra framboði á umhverfisvænum vörum og þjónustu og hvatt til nýsköpunar. Á árinu skerptum við á verklagi um innkaup, birgjamat og innkaupagreiningar, uppfærðum innkaupafærsla og gáfum út leiðbeiningar um vistvæn innkaup. Leiðbeiningarnar ná til hvers kyns innkaupa, svo sem á raftækjum, hreinlætisvörum og bifreiðum. Þessi stefna var höfð að leiðarljósi við útboð Póstsins á bifreiðakaupum ársins og mæltist það vel fyrir. Við leggjum mikið upp úr að nýta vel húsgögn og muni, í anda hringrásarhagkerfisins, sem og að afþakka, endurnýta, gera við eða gefa og koma í gagnið annars staðar. Sem dæmi tekur Rauði krossinn við notuðum fatnaði frá Póstinum og kemur í notkun erlendis.




Mögnuð afköst

Unnar Þór Harðarson, aðstoðardeildarstjóri bögglaeildar:
 „Innleiðingin á Magna, nýju pakkaflokkunarvélinni okkar, var áskorun því hann var settur upp rétt fyrir helstu vertíðina okkar. Við þurftum að læra á nýja vél og þjálfa starfsfólk á met tíma. Til að Magni kæmist fyrir var öllu umturnað í Póstmiðstöðinni og lýsing í vinnslusalnum bætt með díóðuljósum (LED). Öll flokkun, utan bréfa, er nú á einum stað, í stað þriggja áður, og við sjáum ýmis tækifæri til framtíðar. Við erum enn að læra á Magna, slípa til og breyta en afköstin eru mun meiri og tími starfsfólks nýtist betur. Með breyttum vinnubrögðum er rekjanleiki sendinga líka enn betri en áður og afgreiðsla þeirra hraðari.“

Minni pappír

Á hverju ári gerir Pósturinn um 20.000 flóknar tollskýrslur (af tegundinni E1). Hver skýrsla er að minnsta kosti 2-3 blaðsíður og oft mun fleiri, auk þess sem skýrslunum fylgja ýmis gögn. Fram að þessu hafa tollskýrslur verið prentaðar út og pappírarnir látnir fylgja sendingum. Um mitt ár gerði tollstjóri breytingar á tollskýrslugerðarkerfinu þannig að skýrslurnar urðu enn lengri. Til allrar hamingju gerðu breytingarnar okkur einnig kleift að hætta útprentun í stórum stíl. Frá því í október hefur sparast gríðarlegt magn af pappír, þ.e. sem nemur tugum þúsunda blaðsíðna á ári. Viðskiptavinir Póstsins hafa tekið breytingunum fagnandi og telja ekki eftir sér að styðjast alfarið við rafrænar tollskýrslur.

Prentun 2018-2022 Tonn




Hverfandi úrgangur

Mjög hefur dregið úr úrgangi í starfsemi Póstsins síðustu fimm ár. Mest áhrif hafði sú ákvörðun að hætta að dreifa fjölpósti á höfuðborgarsvæðinu og víðar árið 2019. Lenska var að prenta umframmagn af bæklingum og öðrum dreifildum sem Pósturinn sat uppi með eftir útburðinn og kom til endurvinnslu.

Árið 2018 var úrgangur af starfsemi Póstsins 223 tonn (almennt sorp þar af 78 tonn) en árið 2022 hafði hann dregist saman um 65%, var „aðeins“ 81 tonn (almennt sorp þar af 26 tonn). Endurvinnsluhlutfallið var 68% árið 2022 en eftir úrvinnslu sorphirðufyrirtækjanna fara þó allt að 76% úrgangsins til endurvinnslu eða endurnýtingar. Almenn sorp dróst saman um 60 tonn séu borin saman árin 2018 og 2022. Losun gróðurhúsalofttegunda vegna úrgangs á síðasta ári var aðeins um fimmtungur losunarinnar 2018, um 10 tCO₂ í stað 49 tCO₂ áður.

Úrgangur 2018-2022 Tonn

■ Flokkað
 ■ Almennur úrgangur



Betri högun í skýinu

Við rekstur tölvukerfa eru mörg tækifæri til að koma í veg fyrir sóun, sérstaklega með tilkomu skýjalausna sem notendur geta deilt með sér eftir þörfum. Hefðbundið fyrirkomulag byggðist á að hafa tiltæka nægilega marga vefþjóna frá degi til dags til að anna mesta álagi við rekstur hugbúnaðar, þróun og prófanir. Á undanförunum árum hefur Pósturinn unnið að því að breyta höguninni og nú kaupum við aðgang að netþjónum eftir þörfum á hverjum tíma. Netþjónar eru á fáeinum andartökum settir upp samkvæmt forskrift og hugbúnaður keyrður upp jafnóðum og þeir eru tilbúnir. Þegar starfsfólk mætir til starfa er allt klappað og klárt og hægt að hefja störf. Ef álagið er mikið sér kerfið sjálft um að panta aukaneitþjóna. Með nýju fyrirkomulagi sparast vikulega um 880 klst. og þann tíma nýtast netþjónarnir öðrum fyrirtækjum hvar sem er í veröldinni. Þess má geta að Pósturinn skiptir aðeins við græn gagnaver.

Hugsað út fyrir boxið í bílamerkingum

Anna Jónsdóttir hönnuður: „Í fyrra breyttum við merkingum á bílum Póstsins í stíl við uppfært vörumerki. Bílarnir okkar eru keyrandi auglýsingar og miklu skiptir að nýta flötinn vel. Bílamerkingar geta hins vegar verið bæði dýrar og óumhverfisvænar. Eftir að hafa kynnt okkur málin komumst við að þeirri niðurstöðu að best væri einfaldlega að merkja minna svæði á bílnum. Þannig spörum við efnis- og vinnukostnað og notum mun minna plast, sem að sjálfsögðu er betra fyrir umhverfið, sem og að velja endingargott plast.

Mörgum finnst eflaust að bílar Póstsins ættu að vera rauðir en rauður litur er mismunandi og ekki endilega eins og rauði litur Póstsins. Við þurftum því aðeins að hugsa út fyrir boxið. Með því að velja hvíta bíla og hafa hvítan sem grunnlit náum við að samræma útlitið. Fólk kann að velta fyrir sér hversu mikil áhrif bílamerkingar geta haft á umhverfið og rekstur fyrirtækisins en þar sem bílaflotinn okkar er gríðarlega stór geta þessar breytingar sannarlega haft áhrif.



Græn skref og vellíðan starfsfólks



Heilsa og vellíðan eru eitt kjörmarkmiða Póstsins. Þar er umhyggja fyrir starfsfólkinu í fyrirrúmi og markmiðið að finna leiðir til að stuðla að bættri heilsu þess og vellíðan. Jafnframt viljum við auka meðvitund starfsfólks um umhverfismál og virkja það til að leggja sitt af mörkum. Það er hugmyndin að baki Grænu skrefunum.

Fimm græn skref – 170 aðgerðir

Á árinu lauk Pósturinn við að innleiða öll fimm Græn skref Umhverfisstofnunar, sem innihalda 170 smáar og stórar aðgerðir. Þær skiptast í sjö flokka, allt frá samgöngum, til innkaupa, flokkunar og minni sóunar. Ein hlið Grænna skrefa snýst um stjórnun málaflokksins, m.a. miðlun upplýsinga og fræðslu. Umhverfis- og loftslagsstefna, sjálfbærniuppgjör og ársskýrsla eru því liður í að uppfylla Grænu skrefin. Umhverfisstofnun lauk úttekt sinni á lokaskrefinu í byrjun árs 2023. Nú tekur við viðhald aðgerða og ný úttekt að tveimur árum liðnum.

Girnilegt grænmeti


Mötuneytið í Póstmiðstöð hefur tekið virkan þátt í innleiðingu Grænu skrefanna með það að leiðarljósi að minnka kolefnissporið af rekstri þess. Til mikils er að vinna því vistvænt mataræði er bæði heilnæmt fyrir fólk og best fyrir náttúruna. Eftir sem áður er í boði bæði hollur og bragðgóður matur sem starfsfólkið kann að meta. Við höfum unnið að því um nokkra hríð að auka hlutfall grænmetis með ýmsum einföldum ráðum eins og að stilla því upp fremst og nota grænmeti og baunir í kjötrétti. Við reynum að auka vægi umhverfisvænni próteingjafa, svo sem ljóss kjöts, fisks, eggja og bauna, á kostnað rauða kjötsins. Salatbar og grænkeraréttur eru alltaf í boði, sem og nokkrar tegundir lífrænna matvæla. Matseðlum fylgja gjarnan myndir af girnilegu grænmeti, ávöxtum og kryddjurtum. Á föstudögum er oftast súpa í matinn og alls kyns afgangur og þá býðst starfsfólki að koma með ílát og grípa með sér það sem eftir er í vikulok. Í ár gerðum við loks fyrstu matarsóunargreininguna sem við munum endurtaka árlega.

Mannauðsmælingar Moodup

Á árinu innleiddum við nýtt kerfi, Moodup, til að mæla líðan starfsfólks. Mánaðarlega er öllum send stutt könnun í smáskilaboðum og í framhaldinu sér hver stjórnandi um að fara yfir niðurstöðurnar með sínum hópi. Sömu þættir eru mældir í hvert sinn og því auðvelt að sjá árangurinn af aðgerðum sem gripið er til milli mánaða. Með nýja kerfinu hefur svarhlutfall hækkað og fór hæst í rúm 80%. Heildaránægja starfsmanna mældist 7,9 af 10 (sem er 0,3 yfir meðaltali í samanburðarhópi fyrirtækja) og ánægja með stjórnun 8,3. Alls 68% starfsfólks myndu mæla með vinnustaðnum, 15% eru hlutlaus en 16% ósátt. Fjöldi ábendinga hefur borist í gegnum endurgjöf frá starfsmönnum og unnið hefur verið úr þeim. Sem dæmi höfum við staðið fyrir þjálfun starfsmanna í kjölfar ábendinga, upplýst betur um bílamál og hvað er framundan í þeim efnum, breytt verklagi tengdu afmælisgjöfum til starfsfólks, svo eitthvað sé nefnt.

Öryggismál í forgrunni

Á árinu lögðum við sérstaka áherslu á að hlúa að öryggismenningu í fyrirtækinu og koma í veg fyrir vinnuslys. Í maí héldum við árlega heilsu- og öryggisviku og báðum starfsfólk að gefa öryggi í starfsumhverfi sínu gaum. Við útbjuggum fræðsluefni um hættulegan farm, myndband um rétta líkamsbeitingu og ýmiss konar annað efni um öryggismál, sem allt er að finna á fræðsluvef Póstsins. Ný öryggisstefna var samþykkt í ágúst, ásamt aðgerðaáætlun. Samhliða voru verkferlar uppfærðir, m.a. hvernig bregðast ber við hættuástandi eins og þegar starfsfólki er hótað, það beitt ofbeldi eða slasast. Við endurbættum einnig ferlið við greiningu á orsökum vinnuslysa, m.a. gerum við rótargreiningu á öllum slysum og notum niðurstöðurnar til að bæta verkferla. Í október var ráðist í nýtt áhættumat fyrir alla starfsemi í Póstmiðstöð, þ.e. vinnslu, útkeyrslu og dreifingu, og brugðist við öllum ábendingum sem þar komu fram. Við gerum allt til að tryggja að fólkið okkar komi heilt heim í lok hvers vinnudags.



Virkar samgöngur í vinnuna

Hinn 1. janúar 2022 tók Pósturinn upp samgöngusamninga til að hvetja og styðja starfsfólk til að nýta vistvænan ferðamáta til og frá vinnu. Um 16% starfsfólk var að jafnaði með virkan samning 2022. Þátttaka í Hjólað í vinnuna í vor fór fram úr vonum og Pósturinn lenti í fjórða sæti í flokki fjölmennustu fyrirtækjanna í keppni um hæst hlutfall starfsmanna sem nýttu virkar samgöngur. Við stefnum vitaskuld að því að gera enn betur í ár. Ferðir starfsfólks í og úr vinnu eru nú í fyrsta sinn hluti sjálfbærniuppgjörs Póstsins og byggjast gögnin á ferðavenjukönnunum meðal starfsfólks sem gerðar voru 2021 og 2022.

„Aðeins snjórinn stöðvar mig“

Maciej Szwagrzyk, innanhússarkitekt frá Póllandi, hóf störf sem bílstjóri hjá Póstinum á árinu.

„Transportation grant provided by Posturinn helped me to make the decision to bike to and from work every day. I use it to buy Strætó tickets, as a backup if the weather is really bad or I don't feel like cycling. Honestly, so far, only snow has been able to stop me, when it's -14° C outside. The ultimate advantage of a bike is that you don't have to clean your car's windows.“

My freshly developed passion for cycling made me come up with a big plan for the summer. I want to make a traverse of Iceland, starting in Húsavík and bike through the remote interior, all the way to Vík in Mýrdalur. I will accomplish that in a „zero waste“-spirit, on an old, second hand bike I got for free. I want to show others (and myself) that we already have more than we need.“



Jafnréttismál og leiðtogaþjálfun



Jafnrétti kynjanna er Póstinum hugleikið en við höfum einnig lagt okkur fram um að gæta að jöfnuði fólks af ólíkum uppruna. Hjá okkur hafa kynin jöfn tækifæri til framgangs í starfi og stjórnendur og sérfræðingar fá sérstaka leiðtogaþjálfun þar sem áherslan er á að taka ábyrgð á sjálfum sér.

Ferlar og fræðsluefni um jafnréttismál

Jafnréttismál eru Póstinum hugleikin. Á árinu voru allir ferlar sem tengjast jafnréttisáætlun endurskoðaðir, þ.e. ferlar sem snúa að tilkynningum um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundið áreiti og ofbeldi. Þá útbjuggum við nýtt námsefni um jafnlaunavottun annars vegar og jafnréttisáætlun hins vegar. Námskeiðin voru kynnt öllu starfsfólki Póstsins og er að finna á fræðsluvefnum okkar.

Jafnlaunavottun og jafnt kynjahlutfalli

Í ár var gerð úttekt á jafnlaunakerfinu og greining á launum þar sem óútskýrður launamunur reyndist vera 0,12%. Pósturinn hlaut á ný viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar. Hlutfall kynja í stjórn og meðal æðstu stjórnenda er jafnt og konum í hag meðal millistjórnenda. Karlmennt eru hins vegar ívið fleiri en konur meðal starfsmanna í heild, 54% á móti 46%.

Jöfn laun fólks af ólíkum uppruna

Pósturinn er fjölþjóðlegur vinnustaður og í endurgjöf í mannauðsmælingum var spurt hvort starfsfólki af erlendum uppruna væri mögulega mismunað í launum. Þar sem upplýsingar um þjóðerni starfsfólks lágu ekki fyrir hófumst við handa við að afla gagna um alla erlenda starfsmenn Póstsins. Að því búnu gerðum við svokallaða aðhvarfsgreiningu á launagögnum. Greiningin leiddi í ljós að hjá Póstinum er enginn launamunur milli starfsfólks af íslenskum og erlendum uppruna.

Hvetjandi leiðtogar


Í haust fór fram viðamikil leiðtogaþjálfun fyrir alla stjórnendur og sérfræðinga Póstsins sem byggðist á þrautreyndu efni frá Franklyn Covey, „7 venjur til árangurs“. Þar er áhersla lögð á valdeflingu og samskipti og fjallað um hvernig hvert og eitt okkar ber ábyrgð á sjálfu sér og því hvernig við komum fram. Með því að sýna hvert öðru tillitsemi og einlægan áhuga með virkri hlustun byggjum við upp traust í samskiptum. Leiðtogaþjálfuninni er ætlað að útvega stjórnendum og sérfræðingum öflug verkfæri til jákvæðra samskipta við starfsfólk sitt.



Hlusta fyrst, tala svo

Ísak Már Aðalsteinsson, stöðvarstjóri á Húsavík: „Leiðtogaþjálfunin var hvatning til að vinna áfram með jafningastjórnun og fá alla að borðinu til að segja sínar skoðanir. Ég tengdi sérstaklega við mikilvægi virkrar hlustunar. Maður vill koma sínum sjónarmiðum á framfæri og hættir til að hlusta ekki á það sem hinn hefur fram að færa. Orkan fer í að hugsa um hvernig maður ætlar að svara. Skilaboðin um að hlusta fyrst og tala svo eru því góð áminning. Það er hægt að fá svo miklu meira út úr samtali með því hugarfari, þ.e. að skilja sjónarmið annarra og segja svo sína skoðun.“

Við gerum svo vel ef við tökum tillit til allra sjónarmiða en lítum ekki á hlutina sem andstæða póla. Það sem hentar mér eða fyrirtækinu þarf líka að henta þeim sem ég er að semja við. Mér finnst sú hugsun vera allsráðandi hjá Póstinum. Við erum alltaf að hugsa um viðskiptavininn. Ef hann er ánægður þá njótum við góðs af því líka.“



Opnar spurningar fá fólk til að hugsa

Faney Bergrós Pétursdóttir þjónustustjóri: „Ég hef nýtt mér lærdóminn úr leiðtogaþjálfuninni, bæði sem stjórnandi og ekki síður sem móðir. Margt af því sem farið var yfir í þjálfuninni veit maður innst inni en nýtir sér ekki nógu markvisst. Eftir námskeiðið getur maður sótt í sögurnar sem maður heyrði og gripið til þeirra í daglegu lífi, eins og dæmisöguna um virka hlustun.

Það getur verið flókið að temja sér að hlusta og svara með spurningum til að fá nánari útlistun og auka skilning. Manni hættir svo til að spyrja leiðandi spurninga og samþykkja það sem viðkomandi segir eða jafnvel fara strax í að gefa ráð út frá sínum raunveruleika. Þá lokast í raun fyrir samtalið og það nær aldrei dýptinni. Í svona aðstæðum er mikilvægt að spyrja opinna spurninga sem fá fólk til að hugsa og taka ákvarðanir út frá eigin skynjun og lífi en ekki hugmyndum þess sem rætt er við.



Pósthlaupið

Dásamlegan sumardag í byrjun ágúst 2022 var Pósthlaupið haldið í fyrsta sinn. Hlaupin var gömul landpóstaleið úr Hrótafirði, eftir Haukadal og í Búðardal, alls 50 km, en hægt var að hlaupa hálfa leið eða 7 km. Hlaupið skipulögðu nokkrir hlauparar og áhugafólk um sögu, sem vinna hjá Póstinum, í náinni samvinnu við íbúa á svæðinu. Þátttökugjöld runnu óskipt til Björgunarsveitarinnar Óskar og Ungmennafélagsins Ólafs þá í Búðardal. Við vonumst til að hlaupið festi sig í sessi og verði vinsæll viðburður til framtíðar.

Landpóstar voru lífæð samskipta

Ragnar Kristinsson hlaupstjóri, sagnfræðingur og sölumaður hjá Póstinum: „Landpóstar voru lífæð samskipta á Íslandi öldum saman. Margir voru landsþekktir fyrir elju og harðfylgi og lögðu sig oft í hættu við erfiðar aðstæður til að koma bréfum og pökkum til fólks í sveitum um allt land. Það er því vel við hæfi að minning þeirra sé heiðruð með hlaupi á milli þessara þekktu póstaða.“



Gleðidagur í Búðardal

Valgerður Ásta Emilsdóttir stöðvarstjóri tók á móti hlaupurum með gómsætum veitingum úr héraði. „Okkur tókst að virkja bæjarbúa og nærsveitunga til að taka þátt með því að hlaupa, sem sjálfbóðaliðar eða bara mæta á staðinn, hvetja hlauparana og gleðjast með okkur.“



Pósthlaupið 2022



Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórn Íslandspósts ohf. („Íslandspóstur“, „Pósturinn“ eða „félagið“) leggur ríka áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum og taka stjórnarhættir félagsins mið af lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, og leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja (6. útg.), útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Stjórnin starfar í samræmi við eigandastefnu ríkisins, samþykktir félagsins og vinnureglur sem hún hefur sett sér. Hægt er að nálgast samþykktir Póstsins og starfsreglur stjórnar á vef félagsins. Ekki hefur verið úrskurðað um nein brot þess á lögum og reglum af viðeigandi eftirlits- og/eða úrskurðaraðilum.

Um hlutverk og skyldur stjórnar fer samkvæmt samþykktum félagsins. Þeim til viðbótar hefur stjórn sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem helstu verkefni og valdsvið stjórnar, formanns stjórnar og forstjóra eru skilgreind. Gildandi starfsreglur voru samþykktar á stjórnarfundi 13. október 2021.

Stjórn ber ábyrgð á því að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits og að það sé formlegt, skjalfest og sannreynt reglulega. Innra eftirlitið á að vera til þess fallið að:

- veita vissu um að félagið nái árangri og skilvirkni í starfsemi, í samræmi við markmið félagsins,
- veita áreiðanlegar og réttmætar fjárhagsupplýsingar til ytri aðila og
- hlíta lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

Stjórn skal árlega framkvæma úttekt á innra eftirliti og áhættustýringu félagsins og grípa til aðgerða til að bæta úr annmörkum ef þörf krefur.

Forstjóri, í umboði og á ábyrgð stjórnar, hefur eftirlit með áhættuþáttum og framkvæmir áhættumat. Hann útbýr jafnframt áhættustýringarskýrslur sem lagðar eru fyrir stjórn.

Stjórn og stjórnendur vinna að því að lágmarka þá áhættuþætti sem félagið stendur frammi fyrir hverju sinni með virkri áhættugreiningu og áhættumati. Hálfárslega eða oft, sé þess óskað af stjórn, gerir forstjóri grein fyrir stöðu áhættuþátta félagsins samkvæmt áhættumatinu, breytingum sem orðið hafa frá fyrri mælingu og öðrum atriðum er varða matið og skipta máli. Samhliða umræðu um stöðu áhættuþátta skal farið sérstaklega yfir hvaða áhættu stjórn er reiðubúin að taka í einstökum áhættuþáttum og til hvaða aðgerða eða varna er gripið til að lágmarka áhættu í hverjum þætti.

Stjórn og stjórnendur stýra félaginu eftir lykilmælikvörðum, sem stjórn hefur samþykkt. Á reglulegum stjórnarfundum félagsins eru lykilmælikvarðarnir yfirfarnir og gripið inn í með aðgerðaáætlunum eftir því sem við á. Tillögur forstjóra að aðgerðaáætlunum liggja að jafnaði fyrir og eru bornar undir stjórn til yfirferðar, ákvörðunar og samþykkis.

Eina undirnefnd stjórnar er starfskjararáð, en í ráðinu sitja formaður og varaformaður stjórnar. Starfskjararáð leggur fyrir stjórn starfskjarastefnu varðandi laun og aðrar

greiðslur til æðstu stjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna þess. Árlega gerir starfskjararáðið tillögu til stjórnar um endurskoðun starfskjarastefnu sem lögð er fyrir aðalfund félagsins til staðfestingar ár hvert.

Stjórn metur störf sín, verklag og starfshætti, frammistöðu forstjóra og formanns, þróun félagsins, óhæði stjórnarmanna og skilvirkni undirnefnda á hverju ári í aðdraganda aðalfundar.

Á árinu 2022 voru haldnir 13 stjórnarfundir en mörg krefjandi verkefni kölluðu á löng fundahöld, stundum í gegnum fjarfundabúnað. Góð mæting var alla jafna á stjórnarfundi og voru þeir allir nema tveir fullmannaðir. Á fund nr. 305, 18. mars 2022, vantaði þrjú aðalmenn en í staðinn mætti einn varamaður og þar með var fundarfært. Á fundi nr. 308, 30. maí 2022, var einn stjórnarmaður fjarverandi og samþykkt var að taka fundinn upp til upplýsinga fyrir hann.

Fjármálaráðuneytið fer með eignarhlut ríkisins í Íslandspósti ohf. Samskipti hluthafa og stjórnar fara fram á hluthafafundum og eftir því sem hluthafi óskar eftir eða stjórn telur nauðsynlegt að upplýsa hluthafa um. Formaður stjórnar ber ábyrgð á samskiptum stjórnar við hluthafa félagsins. Öll formleg samskipti við eigendur félagsins eru í samráði við formann stjórnar. Stjórnarmenn eru sjálfstæðir í störfum sínum og taka ekki við fyrirmælum frá hluthafa félagsins eða öðrum hagsmunaaðilum. Stjórnarmenn gæta trúnaðar í störfum sínum og veita hluthafa ekki upplýsingar um félagið nema slíkt sé kynnt á vettvangi stjórnar.

Þórhildur Ólöf Helgadóttir er forstjóri félagsins og stýrir forstjóri daglegum rekstri þess í umboði stjórnar. Forstjóri kemur fram fyrir hönd félagsins í öllum málum sem varða daglegan rekstur. Hann situr fundi stjórnar og ber að framfylgja þeim ákvörðunum sem teknar eru af stjórn. Forstjóri sér um að bókhald félagsins sé í samræmi við lög og að fjárreiður þess séu með tryggum hætti. Nánari upplýsingar um forstjóra félagsins er að finna á vefsíðu félagsins.

Í stjórn Póstsins eru fimm stjórnarmenn, allir kosnir á aðalfundi félagsins. Þau eru:

- Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, stjórnarformaður, fyrst kosin í stjórn árið 2021
- Auður Björk Guðmundsdóttir, varaformaður stjórnar, fyrst kosin í stjórn árið 2019
- Baldvin Ólason, fyrst kosinn í stjórn árið 2021
- Gísli S. Brynjólfsson, fyrst kosinn í stjórn árið 2021
- Guðný Hrund Karlsdóttir, fyrst kosin í stjórn árið 2021

Stjórnarmenn eru skipaðir eftir tillögum stjórnmalaflokka á Alþingi hverju sinni. Allir stjórnarmenn eru óháðir félaginu og óháðir hluthafa, sbr. lið 2.3 í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Stjórn félagsins er skipuð þremur konum og tveimur körlum. Félagið uppfyllir því ákvæði laga um kynjahlutföll í stjórnnum hlutafélaga. Menntun, reynsla og þekking stjórnarmanna Póstsins er víðtæk, en nánari upplýsingar um stjórnarmenn er að finna á heimasíðu félagsins.